

## GJALDSKRÁ

**fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Sveitarfélaginu Vogum.**

1. gr.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga er heimilt að leggja á árlegt sorphirðu- og sorpeyðingargjald sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

Sorphirðugjald

16.545 kr. pr. sorptunnu

Sorpeyðingargjald

25.740 kr. pr. fasteignanúmer

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga þann 29. nóvember 2017, staðfestist hér með samkvæmt 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Sveitarfélaginu Vogum nr. 95/2017.

*Vogum, 22. janúar 2018.*

**Ásgeir Eiríksson** bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 23. janúar 2018